

og Guðmundar Pálssonar, 12 kr. til hvors þeirra um sig, greiðist úr opinberum sjóði.

Þriðjudaginn 23. aprílm.

Nr. 32/1877:

Hið opinbera

gegn

Jóni Breiðfjörð og

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er risið út af því, að amtmaðurinn í suðuramtinu hafði í brjefi dagsettu 17. desember 1875 skipað hinum kærða Jóni Breiðfjörð, hreppstjóra í Vatnsleysustrandarhreppi að skila eigendunum aptur sauðkindum, er hann sem hreppstjóri og skipaður aðstoðarmaður lögreglustjórans í fjárkláðamálinu hafði tekið af þeim og hafði í sinni gæzlu, en þrátt fyrir ítrekaðar áminningar amtmanns óhlýðnaðist hinn kærði þessari skipun. Út af þessu lagði amtmaðurinn í brjefi dags. 21. febrúarmán. 1876 fyrir sýslumanninn í Gullbringu og Kjósarsýslu að höfða mál á móti hinum kærða fyrir óhlýðni gegn framannefndri skipun sinni, en í fyrsta rjettarhaldinu í málinu, 8. marzmán. næst á eptir, bauðst hinn kærði, til þess að komast hjá lögsókn, til að greiða 15 króna sekt fyrir þessar gjörðir sínar og allan kostnað af málinu, og samkvæmt því gjörði amtmaðurinn hinum kærða með úrskurði 10. aprílmán .s. á. 15 króna sekt fyrir óhlýðni hans. Hinn kærði vildi samt ekki una þessum úrslitum, og fór þess á leit, fyrst við landshöfðingja og síðan við stjórnarherra, að hann yrði losaður við að greiða tjeða sekt, eða þá að þær athafnir hans, er hefðu valdið sektinni, yrðu rannsakaðar og dæmdar af dómstólunum, en í brjefi dags. 9. febrúarmán. 1877 úrskurðaði stjórnarherra,

að málið hefði hlotið fullnaðarúrslit með úrskurði landshöfðingja 28. júlímán. 1876, er segir, að sitja skuli við úrskurð amtmanns á málinu. Þessi stjórnarherra úrskurður er birtur í stjórnartíðindunum, deildinni B, í aprílmán. 1877, en 16. septembermán. s. á. höfðaði hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu, Jón landshöfðingjaritari Jónsson, eptir beiðni hins kærða, Jóns hreppstjóra Breiðfjörðs, opinbert lögreglumál gegn honum út af áminnstri óhlýðni hans, og kvað upp dóm í því máli fyrir lögreglurjetti Gullbringusýslu að Kálfatjörn 20. s. m. með þeim úrslitum, að hinn kærði skyldi vera sýkn af kærum hins opinbera í málinu, en greiða allan kostnað af því, en þeim dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Eins og að framan er á vikið, var mál það, sem eptir fyrirlagi amtmannsins í suðuramtinu hafði verið höfðað gegn hinum kærða fyrir óhlýðni hans við skipun yfirboðara síns, eptir ósk hins ákærða sjálfs útkljáð með úrskurði amtsins, og þegar hinn kærði síðar sá sig um hönd og ekki vildi una við þenna úrskurð, var beiðni hans, ekki að eins um að losast við sekt þá, er honum hafði verið gjörð, heldur einnig um, að málsstaður hans yrði lagður nndir ránnsókn og úrslit dómstólanna, synjað af hinum æðstu stjórnarvöldum með þeim ummælum, að sitja skuli við úrskurð amtsins, og að málið þar með hafi hlotið fullnaðarúrslit. Það virðist þannig auðsætt, að ekkert lægra yfirvald gat verið bært um af eigin hvötum nje «eptir beiðni» hins sakfellda að leggja málið undir rannsókn og úrskurð fyrir dómi, þvert ofan í fyrirmæli yfirboðara sinna. En þar við bætist, að mál það, sem hjer um ræðir, virðist liggja alveg fyrir utan verksvið þess embættismanns, sem gjörði ákvörðun um málshöfðunina og síðan tók málið fyrir og dæmdi það. Verksvið þessa embættis-

manns, hins setta lögreglustjóra í fjárkláðamálinu, er afmarkað með konunglegri umboðsskrá dagsettri 26. septembermán. 1876, þar sem segir, að hann skuli gegna þeim dómarastörfum, framkvæmdarstörfum og fúgetastörfum snertandi fjárkláðann, sem ella bæru undir hlutaðeigandi lögreglustjóra. Án tillits til þess, hvort umboðsvaldið með þessari ráðstöfun hefur stigið feti fram, en stjórnarskráin heimilar, þá virðist það ljóst, að störf þau, sem í umboðsskránni eru höfð fyrir augum, að eins eru þess konar störf, sem miða til að framkvæma ráðstafanir til að útrýma fjárkláðanum samkvæmt hinum sjerstöku lagaboðum, sem um hann eru sett, og að dómsvald það, sem ætlast er til að veita hinum setta lögreglustjóra í fjárkláðamálinu, að eins nær til að fara með og dæma þau opinber lögreglumál, sem rísa út af brotum gegn þessum lögum. Brot það, sem hjer er umtalsefni, verður aptur á móti ekki skoðað sem brot gegn hinum sjerstöku lagaboðum um fjárkláðann, heldur sem brot gegn þeirri skyldu, sem á hverjum embættismanni og sýslunarmanni hvílir, að hlýðnaðst löglegum fyrirskipunum yfirboðara sinna, sbr. 143. og 145. gr. hegningarlaganna; enda heyrja brot hreppstjóra og annara sýslunarmanna gegn hinum sjerstöku skyldum, sem lögin um fjárkláðann leggja þeim á herðar, ekki undir úrslit dómstólanna, heldur undir úrskurð hlutaðeigandi amtmanns, sbr. tilskip. 5. janúar 1866, 5. grein.

Með því að höfðun og rekstur máls þessa og dómsuppsögnin í því samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, virðist alveg heimildarlaus af hendi hins setta lögreglustjóra í fjárkláðamálinu, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar, og liggja fyrir utan verksvið hans, þá ber að dæma hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm og alla meðferð málsins í hjeraði ómerkt, og ber hinum setta

lögreglustjóra að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 12 krónur handa hvorum þeirra.

Af hendi hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum hefur flutningur málsins verið lög-mætur, en hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu, sem stefnt hafði verið til að sæta löglegri ábyrgð fyrir máls-höfðuniua, meðferð málsins og dóm sinn, og sem sjálfur hefur mætt fyrir yfirdóminum, hefur með því ekki að skila rjettinum skjölum málsins, er honum höfðu verið ljeð, og halda þeim í fulla 3 mánuði fram yfir frest þann, er honum hafði verið veittur í málinu — án þess að koma með neina afsökun fyrir því — orsakað svo ótilhlýðilegan drátt á því fyrir yfirdóminum, að hann ekki getur sloppið hjá að sæta sekt fyrir það til hlut-aðeigandi fátækra sjóðs samkvæmt tilskipun 3. júní 1796 35. gr., og virðist sekt sú hæfilega ákveðin 80 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði politirjettardómur og öll meðferð málsins í hjeradi á ómerkt að vera, og ber Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, fyrrum settum lög-reglustjóra í fjárkláðamálinu, að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal máls-færslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guð-mundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors þeirra. Svo ber Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni og að greiða 80 króna sekt til Reykja-víkur fátækra sjóðs.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 4/1878:

Rjettvísinn
gegn

Bjarna Björnssyni og
Guðrúnu Hákonardóttur.

D ó m u r :

Með dómi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarð-
arsýslu frá 17. nóvbr. f. á. eru hin ákærðu, Bjarni
Björnson og Guðrún Hákonardóttir frá Hvítárósi fyrir
ýmsar tilraunir með læknismeðulum að eyða fóstri
hinnar ákærðu, svo og hinn ákærði enn fremur fyrir
þjófnað og sviksamlega meðferð á eigum annara, dæmd,
hann í 3 ára, og hún í 2 ára betrunarhúsvinnu, og
til þess in solidum að greiða allan af málinu löglega
leiðandi kostnað, og hafa hin ákærðu áfrýjað dómi
þessum.

Með eigin játningu hinna ákærðu, sem bæði eru
komin á sakamanna lögaldur og ekki áður hafa sætt
ákæru fyrir nokkurt lagabrot, svo og öðrum skýrslum,
sem komnar eru fram undir rannsókn málsins, má á-
lítast sannað, að hin ákærðu hafi verið samráða í því
með meðölum að eyða fóstri því, er hin ákærða gekk
með af völdum hins ákærða. Þannig hefur hin ákærða
borið, að hinn ákærði hafi sagt við sig, að hann skyldi
sjá fyrir «barni því, er hún gengi með», og hinn á-
kærði, að hin ákærða hafi beðið hann að láta sig fá
dropa til að drepa fóstrið þannig, að það kæmi í blóð-
látum eða öðruvísi. Svo hefur og hin ákærða haustið
1876 falað meðöl hjá yfirsetukonu, sem gæti eytt fóstri
því, er hún gengi með, og atvikaðist við skýrslu yfir-
setukonunnar, að rannsókn var höfðuð. Þar við hefur